



Kveðja frá forsetahjónum Íslands

Við fögnum þessari bók um tvítyngi og fjöltyngi. Tungumál heimsins þarf að varðveita og efla, þau stuðla að fjölbreytni og frelsi í heimi hnattvæðingar og síaukinna samskipta. Framfarir í tækni, þar sem tæki og tól geta túlkað og þýtt ritað og mælt mál á svipstundu, breyta því ekki að við þurfum að læra ólík tungumál, eignast lykla að ólíkum menningarheimum. Mannréttindi felast jafnframt í því að mega læra og nota það tungumál sem hugurinn girnist.

Brýnt er að foreldrar og forráðamenn geti talað við börn sín á eigin tungumáli, að börnin geti lært tungu þeirra og notað það mál sem þau kjósa, innan heimilis og utan. Þetta vita þeir Íslendingar sem hafa búið erlendis og þetta verður líka að vera einkenni þess alþjóðlega samfélags sem myndast hefur hér á landi undanfarna áratugi. Við þurfum að hjálpa þeim sem hingað flytjast að læra íslensku. Um leið þurfum við að geta lært önnur tungumál og haldið þeirri þekkingu við eftir eigin óskum og þörfum.

Munum svo að þótt fólk verði að geta tjáð sig á þeirri tungu sem það kýs varðar innihaldið og boðskapurinn mestu, það sem fólk segir. Með því að stuðla að fjöltyngi og tvítyngi erum við að efla og verja umburðarlyndi, fjölbreytni og frelsi í samfélaginu.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands,
og Eliza Reid